


Fréttabréf Fjallabyggðar

Fjallabyggð



2. tölublað 2009

Desember 2009

Efnisyfirlit

- Siglum seglum þöndum 2
- Fræðslumál í Fjallabyggð 3
- Fjallabyggð í fremstu röð 4
- Heimsókn í framhaldsskólann 5
- Fréttir af heimasíðunni 6
- Dagskrá Aðventu-hátíðar 2009 8

Gleðilega hátíð

Ágæti íbúi Fjallabyggðar.

Nú eru jólin í nánd og þeim fylgja oft mörg verk. Flest skrifum við jólakort og gefum gjafir. Þá gefst oft gott tækifæri til að hugsa til ættingja og vinna sem við skrifum til eða sendum pakka. Þá er tækifæri til að gleðjast og þakka góðar stundir. Þrátt fyrir erfitt árferði er svo margt sem hægt er að vera þakklátur fyrir.

Sveitarfélagið hefur haldið ótrautt áfram í framkvæmdum og viðhaldi til að styðja við atvinnulífið þrátt fyrir mikla niðursveiflu á árinu sem er að líða. Í fjárhagsáætlun fyrir komandi ár er reynt eftir fremsta megni að halda áfram þeirri vinnu þrátt fyrir lækkun tekna og verðhækkunum á vöru og þjónustu. Meðal þeirra verkefna sem unnið verður að er uppbygging á sundlaugarsvæðinu í Ólafsfirði, framkvæmdir við framhaldsskólabyggingu og skóla-meistari ráðinn. Einnig verður unnið að gatnaframkvæmdum og fegrun bæjanna. Sameiningamál bæjanna verða líka í brennideplinum, svo sem vegna leik-, grunn- og tónlistarskóla og þjónustumiðstöðva. Búið er að vinna mikla undirbúningsvinnu vegna þeirra mála.

Við opnun Héðinsfjarðarganga mun sveitarfélagið tengjast sterkari böndum og tengsl þess alls við Eyjafjarðarsvæðið styrkjast. Sú samgöngu bót sem göngin verða fyrir Fjallabyggð mun nýtast okkur öllum. Við munum sjá verulega fjölgun ferðamanna eftir opnun þeirra og það á eftir að styrkja ferðapjónustu á svæðinu. Gisti og þjónustuaðilar koma til með að njóta góðs af því og er það akkur fyrir samfélag okkar. Sé ég fyrir mér að veitinga- og gististaðir í báðum bæjarkjörnum njóti góðs af göngunum á þeim hátíðum sem hingað til hafa verið haldnar

á hvorum staðnum fyrir sig. Einnig getum við tekið á móti enn fleiri gestum yfir sumarið. Snjallir aðilar geta boðið upp á nýjung í ferðapjónustu, svo sem strands-tangaveiði. Sú hugmynd þarf t.d. ekki mikið stofnfé, aðeins veiðistangir og þekkingu á íþróttinni. Þeir ferðamenn sem okkur tekst með hugkvæmni okkar að ná hingað þurfa á verslun að halda, gistingu og veitingum. Hvet ég alla frumkvöðla til að velta fyrir sér hvort núna sé ekki kominn tími að bjóða upp á nýjungar í ferðapjónustu.

Við eigum að nýta okkur þá miklu samgöngubót sem við fáum á nýju ári til að gera enn betur í að byggja upp samfélagið okkar í Fjallabyggð.

Að lokum langar mig til að óska þér og fjölskyldu þinni gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári og bið þig í leiðinni að hugsa hlýtt til barnanna okkar og ekki síður til gamla fólksins.

Gleðilega hátíð.

Þórir Kr. Þórisson, bæjarstjóri
thorir@fjallabyggd.is



Siglum seglum þöndum



Siglingakeppnin

Iceland Midnight Sun Race

Hinn 20. júní síðastliðinn var fyrsta siglingakeppnin „Iceland Midnight Sun Race – In the Wake of Vikings“ haldin á Siglufirði. Tilgangur þessa verkefnis er að þróa Siglufjörð sem miðstöð skútusiglinga í Norður-Atlantshafi. Á síðastliðnum árum hefur áhugi siglingafólks á norðurslóðum aukist allverulega. Fyrir því liggja aðallega þrjár ástæður; gríðarleg örtröð skúta og snekkja er nú í Miðjarðarhafinu og hafa hafnargjöld á svæðinu hækkað talsvert. Þá er mengun orðin áberandi í Miðjarðarhafinu. Vegna hlýnunar jarðar eru siglingar í Norður-Atlantshafi mun auðveldari og veður þar mun betri en fyrir bara nokkrum árum. Í þriðja lagi eru seglskútur nútímans afar vel byggðar og útbúnar og því vel hæfar til siglinga á norðurslóðum. Á komandi árum mun því þeim seglskútum fjölga sem munu setja stefnuna á norðurslóðir, til Færeyja, Svalbarða, Íslands og Grænlands. Markmiðið er sem sagt að Siglufjörður verði þjónustumiðstöð fyrir siglingafólk sem hyggst sigla um þessar slóðir.

Hvers vegna Sigló?

Fyrir því eru nokkrar ástæður, meginástæðan er sú að kynna Fjallabyggð á erlendum mörkuðum. Siglingafólk er yfirleitt vel efnað, stjórnendur fyrirtækja, embættismenn og fjárfestar. Margir þeir sem kynna sér keppnina „Midnight Sun Race“ munu ekki taka þátt í henni en kynningarefnið gæti vakið áhuga þeirra á Íslandi og þá Fjallabyggð.

Heimur siglingafólks í Evrópu er ekki stór; nú þegar vita margir um keppnina og hafa þá vitneskju um Siglufjörð. Margir bæir í Evrópu hafa orðið þekktir vegna þess að þar eru haldnir þekktir íþrótta- eða menningarviðburðir eins og kappakstur, maraþon og kvikmyndahátíðir. Í þessu sambandi mætti nefna Vasaskíðagönguna í Svíþjóð, siglingakeppnina í Cowes í Bretlandi og Edinborgarhátíðina. Afar góð hafnaraðstaða er á Siglufirði en stærri seglskútur þurfa djúpar hafnir. Mjög fögur og óspillt náttúra er í Fjallabyggð og stutt til ýmissa náttúruperla á Norðurlandi. Þá

Um 35% samdráttur var í siglingakeppnum í Evrópu og fyrirtæki og stofnanir sem styrkt hafa keppnirnar með gríðarlegum fjárhæðum hafa dregið að sér hendurnar og í talsverðum mæli hætt að styrkja viðburði af þessu tagi – allavega í bili. Hvað varðar „Midnight Sun Race“ er nú þegar búið að greiða fyrir allan stofnkostnað, en þetta er þróunarverkefni sem tekur þrjú ár að vinna. Þjónusta þarf skútur á lengri siglingaleiðum, til dæmis upp með austurströnd Grænlands. Þá er verið að kanna rekstur Skútuhotels á Siglufirði þar sem erlendir siglingamenn gætu geymt



er „Midnight Sun Race“ keppnin nyrsta alþjóðlega siglingakeppnin í heiminum. Þessi keppni hefur líka algjöra sérstöðu að því leyti að siglt er yfir heimskaupsbauginn og möguleikar eru á því að upplifa miðnætursólina. Markmiðið er að árið 2011 verði „Midnight Sun Race“ vel þekkt á meðal siglingafólks í Evrópu.

Að lokum

Það er dýrt að markaðssetja Ísland erlendis, en það er eftir miklu að sækjast því að tekjur af erlendum ferðamönnum skila sér fljótt inn í samfélagið. Vissulega setti kreppan margumtalaða strík í reikninginn.

skútur sínar yfir vetrartímann. Þeim sem vilja forvitnast meira um „Iceland Midnight Sun Race – In the Wake of Vikings“ sem haldin verður í annað sinn 10. júlí í sumar skal bent á heimasíðuna www.icesun.is

Sigmar B. Hauksson

Fræðslumál í Fjallabyggð

Um þessar mundir er unnið að endurskipulagningu fræðslumála í Fjallabyggð. Fræðslunefnd hefur undanfarnar vikur farið yfir stöðuna í fræðslumálum og mun leggja tillögur sínar um framtíðarskipan í fræðslumálum fyrir bæjarstjórn í desember. Meginmarkmið með endurskoðun fræðslumála er að finna leiðir til að hagræða í rekstri fræðslustofnana Fjallabyggðar, en þó þannig að gæði skólustarfs séu eins og best verður á kosið innan hóflegs fjárhagsramma. Ráðgjafar frá Menntavísindasviði HÍ voru fengnir til að gera úttekt á stöðunni og gera tillögur að framtíðarfyrirkomulagi, sem fræðslunefnd hefur til hliðsjónar. Tilgangur með úttektinni var meðal annars að fá sýn óháðra fagaðila og koma umræðunni um skólamál af stað. Það er þó óvíst að tillögum ráðgjafanna verði fylgt að öllu leyti.

Fræðslumálin eru meðal stærstu útgjaldaliða sveitarfélagsins. Útgjöldin námu um 42% af skatttekjum sveitarfélagsins árið 2008, sem er nokkuð undir meðaltali sveitarfélaga í landinu sem er um 52%. Kostnaður á hvern nemanda í grunnskóla er þó um 10% hærri en landsmeðaltalið. Skýringin er væntanlega sú að hér eru hlutfallslega fá börn á grunnskólaaldri.

Börnum á leik- og grunnskólaaldri hefur fækkað bæði í Ólafsfirði og á Siglufirði á undanförunum árum og útlit er fyrir að sú þróun haldi áfram. Nemendur í grunnskóla eru í dag 294, en tölur Hagstofunnar sýna að þeim muni fækka um allt að 100 á næstu 5-6 árum. Nemendur í sumum yngri árganganna eru það fáir að nú þegar er nauðsynlegt að samkenna árgöngum til að ná upp í heppilegar bekkjarstærðir. Þar sem miklar sveiflur eru í árgangastærðum getur jafnvel verið erfitt að skipuleggja samkenndu þannig að vel fari í núverandi skipulagi.

Sameiningin og bættar samgöngur skapa nýja möguleika á að bregðast við þessum vanda. Allt útlit er fyrir að

grunnskólanemendur í Fjallabyggð muni rúmast í tveimur skólahúsanna innan fárra ára, einu í hvorum byggðarkjarna. Samkvæmt þeim tillögum sem nú er unnið að færi skólastarf grunnskólanna fram í þremur húsum á næsta skólaári en tveimur húsum skólaárið 2012-13. Unglingum frá Ólafsfirði yrði þá ekið til Siglufjarðar, þar sem 7.-10. bekk yrði fyrst um sinn kennt í „efra skólahúsi“ við Hlíðarveg. Nemendum yngra stigs yrði áfram kennt á báðum stöðum og árgöngum blandað í bekkji til að ná hagstæðum nemendafjölda í bekkjardeildum. Eftir 2-3 ár, þegar stærstu árgangarnir hefðu lokið grunnskólanámi, yrði fyrirkomulaginu breytt

vegar þykir skólasvæðið í Ólafsfirði henta betur fyrir yngri nemendurna sökum nálægðar við íþróttahús og sundlaug. Einnig er gert ráð fyrir að tónlistarkennsla fari fram innan sama svæðis. Nemendur þurfa því aldrei að fara langt eða fara yfir götu til að komast í þessa aðstöðu. Hins vegar eru fleiri nemendur í eldri bekkjunum og meira kennslurými í skólahúsinu á Siglufirði. Það er því auðveldara að koma nemendum fyrir með þessari skiptingu. Í umræðunni í fræðslunefnd vógu þessi rök þyngra en nálægð eldra stigsins við framhaldsskólann, enda þótti fjarlægðin ekki koma í veg fyrir samstarf á milli eldra stigsins og framhaldsskólans.



þannig að yngstu bekkjunum yrði ekið til Ólafsfjarðar og kennt í „barnaskólanum“ við Tjarnarstig, en þeir eldri myndu færa sig um set í „neðra skólahúsið“ við Norðurgötu á Siglufirði, sem yrði framtíðarhúsnæði eldra stigs. Tíminn fram að þessum breytingum yrði nýttur til að gera nauðsynlegar breytingar á húsnæðinu.

Tvenn meginrök liggja að baki þessari skiptingu nemenda á milli bæjarkjarna í tillögunum. Annars

Aðrar helstu breytingar á skipulagi skólustarfsins eru sameining stofnana og fækkun stjórnenda. Starfsemi tónlistarskóla yrði með svipuðu sniði og nú er, en aðeins einn skólastjóri færi með stjórn hvors skóla. Breytingarnar hafa í för með sér aukna valmöguleika fyrir notendur þjónustunnar og svigrúm í rekstri. Foreldrar leikskólubarna gætu þannig valið þann leikskóla sem er nær vinnustað þeirra og möguleikar nemenda tónskóla í hljóðfæravali myndu aukast miðað við það sem nú er.

Það er ljóst að breytingar munu verða á skólastarfi á næstu árum. Fækkun nemenda hefur óhjákvæmilega í för með sér fækkun kennara, sem leiðir af sér að ekki er þörf fyrir eins marga stjórnendur.

Sú endurskipulagning sem nú er unnið að felst því einkum í að laga skipulagið að stöðunni. Þegar fræðslunefnd

hefur lagt fram tillögur sínar munu þær verða kynntar bæjarstjórn, starfsmönnum, nemendum, foreldrum og öðrum íbúum Fjallabyggðar áður en endanlegar ákvarðanir verða teknar. Það er von okkar sem að þessari vinnu komum að íbúar muni kynna sér tillögurnar þegar þar að kemur og taka virkan þátt í umræðunni.

Jón Hrói Finnsson þróunarstjóri
jonhroi@fjallabyggd.is

Karítas Skarphéðinsdóttir Neff
fræðslu- og menningarfulltrúi
karitas@fjallabyggd.is

Fjallabyggð í fremstu röð



Það hefur vart farið framhjá nokkrum íbúa Fjallabyggðar að tekið hefur verið upp nýtt fyrirkomulag í sorphirðu og förgun í sveitarfélaginu. Eins og gengur þá sýnist sitt hverjum um þessar breytingar enda eru þær töluvert umfangsmiklar og krefjast þess að hver og einn íbúi taki virkan þátt í að koma breytingunum á koppinn og láta þær ganga á þann hátt sem ætlast er til af þeim.

Meginástæða þess að farið var í þessar breytingar er sú að sveitarfélögum er gert að stuðla að því að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið, einkum mengun vatns, jarðvegs og andrúmslofts. Jafnframt er það markmið að dregið verði með skipulögðum hætti úr myndun úrgangs eins og unnt er. Þeim úrgangi sem myndast verði komið í endurvinnslu og nýtingu og að sú förgun úrgangs sem nauðsynleg er verði með skipulögðum hætti þannig að hann nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma. Það er ekki að ástæðulausu að verið er að takmarka magn sorps til urðunar og hvatt er til þess að fólk dragi úr inn-

kaupum á óumhverfisvænum vörum, jafnvel þó að sorpmagnið sem frá okkur kemur sé ekki mikið á heimsvísu og landrými nægjanlegt á Íslandi til að urða næstu aldirnar. Það er einfaldlega þannig að allar athafnir okkar mannanna hafa áhrif langt út fyrir okkar einkaheim. Við erum partur af samfélagi sem byggir þessa jörð og berum því jafna ábyrgð og aðrir íbúar jarðarinnar.

Í stuttu máli þá þurfti að gera breytingar á meðhöndlun úrgangs. Samkvæmt landsáætlun Umhverfisstofnunar um meðhöndlun úrgangs 2004-2016 á lífrænn heimilisúrgangur sem berst til urðunarstaða að hafa minnkað um helming á milli árána 1995 og 2009 og niður í 75% af heildarmagni alls úrgangs frá heimilum, eigi síðar en 1. júlí 2013.

Sorphirða og eyðing var boðin út og gengið var að tilboði lægstbjóðanda, Íslenska gámafélagsins ehf. Hluti af útboðinu var að verktaki stæði fyrir kynningu á nýju fyrirkomulagi áður en hafist yrði handa. Haldnir voru borgarafundir, gefinn út leiðbeiningabæklingur og gengið í hús til að ræða lausnir og vandamál hjá hverjum og einum íbúa sveitarfélagsins. Í kjölfarið var tunnum dreift á heimilin.

Það er nokkuð ljóst að haustið er ekki allra besti tíminn til að fara af stað með breytingar af þessu tagi enda er ekki búist við að hlutirnir fari að ganga snurðulaust fyrir sig fyrr en að nokkrum tíma liðnum. Þangað til notumst við jafnvel við bráðabirgðalausnir varðandi tunnur. Það að ná tökum á flokkun krefst smá æfingar

eins og annað sem við tökum okkur fyrir hendur og erum að gera í fyrsta sinn.

Það er vert að þakka íbúum Fjallabyggðar ágætari móttökur vegna þessara breytinga. Það er jú þannig að allar nýjar athafnir í okkar fastmótaða lífi valda óöryggi, mismiklu milli einstaklinga en að einhverju leyti hjá okkur öllum. Ef einhverjar spurningar eða vandamál koma upp er hægt að hafa samband við Íslenska gámafélagið ehf. og eða við umhverfisfulltrúa Fjallabyggðar, Val Þór, og reynt verður að leysa úr öllum málum eins og kostur er.

Að lokum er rétt að áréttu það að samkvæmt sorpsamþykkt sveitarfélagsins sér sveitarfélagið um sorphirðu frá heimilum og stofnunum þess en fyrirtæki verða að sjá um að koma sorpi sínu til eyðingar á eigin kostnað. Í þeim tilfellum geta fyrirtækin samið við sorphirðufyrirtækið um gámaleigu eða komið sorpi á gámasstöðvar og borgað þá fyrir það eftir magni.

Það er gaman að segja frá því að Fjallabyggð er eitt af fyrstu sveitarfélögum á landinu sem tekið hefur þetta skref og fer þar í flokk með sveitarfélögum sem sýna ábyrgð í verki.

Hér á næstu síðu er sorphirðudagatal Fjallabyggðar og hægt er að fá nánari upplýsingar um sorphirðu og flokkun á sorpi á heimasíðu Fjallabyggðar.

Valur Þór Hilmarsson -
valur@fjallabyggd.is

Heimsókn í framhaldskólann



Mynd: Ljósmyndasafn Siglufjarðar

Nú er fyrsta önnin í „framhaldsskólanum okkar“ liðin. Þegar flest okkar hugsa um nám í framhaldsskóla hugsum við okkur nemendahóp sem situr saman í einu fagi í hefðbundinni kennslustofu. Nemendur fylgjast með innlögn kennara og vinna síðan allir í sömu eða svipuðum verkefnum. Þannig er þetta þó ekki í „okkar framhaldsskóla“.

Ég heimsótti starfsstöðina á Siglufirði áður en prófin hófust. Þar sátu fjórtán nemendur saman að vinnu við fjórtán fartölvur. Flestir nemendur voru að vinna hver í



Mynd: Ljósmyndasafn Siglufjarðar

sínu fagi. Alls var verið að vinna í yfir tíu fögum, m.a. bókfærslu, ensku, dönsku, sögu, heimspeki og sálfræði svo eitthvað sé nefnt. Nemendur sitja því ekki allir að vinnu við sama efni eins og gengur og gerist í venjulegum bekkjum í framhaldsskóla. Þeir eru að vinna að mismunandi verkefnum hver á sína tölvuna. Það er heldur enginn kennari sem er með innlögn áður en vinna byrjar, heldur þurfa nemendur sjálfir að lesa sér til áður en vinnan byrjar með aðstoð kennara.

Það þarf því fjölbreyttan kennara til að sinna þessum fjölbreytta nemendahópi. Nemendur hafa haft Bergþór Mortensén sér til aðstoðar og telja nemendur að það hafi skipt sköpum um hve vel hafi gengið. Auk þess kemur Ríkey og aðstoðar nemendur við stærðfræðina og að sögn þeirra „bjargar“ það stærðfræðinni.

Nemendum fannst þessi vinnuháttur svolítið skríttinn í fyrstu en nú kunna þeir bara vel við þetta fyrirkomulag. Þau segjast vera dugleg við að aðstoða hvert annað og að þau sem séu í sömu fögum skipuleggi yfirleitt vinnu sína saman. Oft á tíðum skapist miklar og heimspekilegar umræður þeirra á milli þegar margir séu til aðstoðar. Þessir fjórtán nemendur eru á aldrinum 16–20 ára og eru við nám í 1. til 3. bekk framhaldsskóla. Einhverjir eiga lítið eftir í stúdentspróf og stefna á útskrift að ári.

Inga Eiríksdóttir - inga@fjallabyggd.is

Af heimasíðunni

Miðvikudagur 30. september 2009

Ár í opnun Héðinsfjarðarganga

Framkvæmdum við Héðinsfjarðargöng skal að fullu lokið 30. september 2010 samkvæmt nýju samkomulagi sem skrifað var undir fyrir helgina af hálfu Vegagerðarinnar og verktaka við göngin.

Vegamálastjóri sagði í samtali við RÚV í gær að um tíma hefði legið í loftinu að erlendi verktakinn Metrostav segði sig frá gangagerðinni vegna ágreinings um tæknilegar lausnir vegna vatnslæðningar og verðbótapátta, en samningurinn við Metrostav er í íslenskum krónum. Hins vegar hefði náðst samkomulag við Metrostav og Háfell fyrir helgi um áframhald verksins.

Verkinu skal lokið fyrir 30. september 2010, þ.e. eftir nákvæmlega ár. Auðvitað yrði reynt að ljúka verkinu fyrr, en þetta væri lokafresturinn.

Hægt er að hlusta á viðtalið á [ruv.is http://dagskra.ruv.is/ras1/4489049/2009/09/29/9/](http://dagskra.ruv.is/ras1/4489049/2009/09/29/9/)

Föstudagur 2. október 2009

Flugferðum milli Reykjavíkur og Sauðárkróks fjölgað

Flugfélagið Ernir hefur ákveðið að fjölga flugferðum milli Reykjavíkur og Sauðárkróks um tvær ferðir í viku. Flogið verður á mánudögum, sem ekki hefur verið gert áður, og aukaflug verður á föstudögum.

Ástæða þessara breytinga er að sögn félagsins mikil fjölgun farþega til og frá Sauðárkróki yfir vetrarmánuðina.

Flugfélagið Ernir hefur einnig ákveðið að bjóða upp á fríar rútuferðir milli Siglufjarðar og Sauðárkróks í tengslum við áætlunarflugið. Með því móti verður Siglufirðingum og gestum sem ætla til Siglufjarðar gert kleift að fljúga á sama verði og aðrir á Sauðárkróki.

Föstudagur 2. október 2009

Sorphirða í Fjallabyggð

Í lok ágúst voru opnuð tilboð í sorphirðu í Fjallabyggð; tilboð bárust frá þremur aðilum og nokkur frávikstilboð frá þeim þar að auki.

Ákveðið hefur verið að ganga að tilboði Íslenska gámafélagsins ehf. í sorphirðu og sorpeyðingu í Fjallabyggð. Félagið er þegar komið með sína gáma til Siglufjarðar og tekur við á Ólafsfirði núna á allra næstu dögum.

Meginmarkmiðið með útboði var að uppfylla kröfur um úrbætur í umhverfismálum, bæta þjónustu við íbúa og gera kostnaðinn sýnilegri.

Með því að taka tilboði ÍG er hægt að uppfylla öll markmiðin sem lagt var upp með. Varðandi umhverfismálin verður farið út í gerbreytta meðhöndlun á sorpinu, það verður flokkað í þrjá meginflokka á heimilum og móttökustöðum.

Endurvinnsla verður stórauðin, allt sem mögulega er hægt að koma í endurvinnslu verður komið í þann farveg. Fjárhagslega er sveitarfélagið að spara umtalsverða peninga miðað við það sem kostnaður við sorphirðu hefur verið hingað til.

Á næstu dögum mun fyrirtækið koma sér fyrir í sveitarfélaginu með sinn búnað og ráða starfsfólk til ýmissa verkefna. Fljótlega verður svo farið af stað með almenna kynningu á framtíðaráformum í sorpmálum í sveitarfélaginu.

Miðvikudagur 7. október 2009

Nýr starfsmaður hjá Fjallabyggð

Nýr starfsmaður hefur hafið störf við félagsþjónustuna. Starfsmaðurinn heitir Júlía Sæmundsdóttir og er félagsráðgjafi að mennt. Júlía tók formlega til starfa þriðjudaginn 6. október og verður hún með starfsaðstöðu á bæjarskrifstofunni í Ólafsfirði. Við bjóðum Júlíu velkomna í Fjallabyggð

Miðvikudagur 14. október 2009

Norðurland.is

Nýr vefur Markaðsstofu ferðamála á Norðurlandi www.nordurland.is er formlega kominn í loftið! Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamálastjóri opnaði heimasíðuna á fundi með bæjar- og sveitarstjórum á Norðurlandi sem Markaðsstofan bauð til mánudaginn 12. október. Vefurinn er þó enn í vinnslu og verður það alltaf!

Verið er að vinna í því að setja inn meira af upplýsingum, breyta, bæta og laga, og þannig verður það áfram. Ætlunin er að hafa heimasíðuna lifandi vef þar sem ferðamenn, innlendir sem erlendir, geta fundið upplýsingar um allan þann fjölbreytileika sem í boði er á Norðurlandi, hvort sem um er að ræða náttúru, þjónustu, mannlíf, mat eða menningu. Fyrirtæki með samstarfssamning við Markaðsstofuna fá fljótlega póst með upplýsingum um hvernig þau geta nýtt sér nýja möguleika á síðunni, sett inn eigin myndir, texta og frekari upplýsingar. Fyrirtæki sem eru með samstarfssamning við MFN verða mun sýnilegri en þau fyrirtæki sem ekki eru með í þessu samstarfi; það sama á við um nýju ferðahandbókina sem nú er að fara í endurskoðun.

Þau ferðaþjónustufyrirtæki sem enn hafa EKKI gert samstarfssamninga við Markaðsstofuna geta haft samband við Markaðsstofuna og gert slíkan samning; þannig fá þau aukinn sýnileika bæði á heimasíðu og í ferðahandbókinni. Fjögur íslensk tryggingarfélög skiluðu tilboði og var tilboð Sjóvá hagstæðast.

Föstudagur 23. október 2009

Fjallabyggð váttryggir hjá Sjóvá

Miðvikudaginn 14. október var undirritaður váttryggingasamningur milli Fjallabyggðar og Sjóvá. Samningurinn er gerður í kjölfar útboðs á váttryggingum sveitarfélagsins.

Váttryggingasamningurinn nær til stofnana og fyrirtækja Fjallabyggðar og er gildistími hans þrjú ár. Samningurinn tekur til allra váttryggingaviðskipta sveitarfélagsins, svo sem trygginga á húseignum, lausafé og ökutækjum, auk slysatryggingar á starfsmönnum og skólabörnum.

Í tengslum við undirritunina voru öll mannvirki Fjallabyggðar heimsótt og áhættuskoðuð af starfsmönnum Sjóvá og Forvarnarhúss Sjóvá. Það er vilji samningsaðila að vinna markvisst að almennum forvörnum í sveitarfélaginu til að minnka líkur á slysum á fólki og tjónum á eignum sveitarfélagsins.

Þriðjudagur 27. október 2009

Spjallborð um viðburði í Fjallabyggð

Sett hefur verið upp spjallsvæði á vefnum fyrir umræður um hátíðir og viðburði í Fjallabyggð. Þeir sem skrá sig sem notendur geta tekið þátt í þeim umræðum sem búið er að stofna, eða hafið umræður um nýtt umræðuefni að vild, að því gefnu að það hafi skírskotun til meginefnis spjallborðsins.

Hinn 24. september síðastliðinn var haldinn súpufundur um árlega menningarviðburði og hátíðir sem haldnar eru á Siglufirði. Á fundinum var rætt um skipulag og framkvæmd viðburða, fjármögnun og möguleika á meira samstarfi og aukinni þátttöku íbúa í undirbúningi þeirra. Framsögumenn kynntu þá viðburði sem þeir standa að baki og að því loknu ræddu fundarmenn um viðkomandi viðburði, framkvæmd þeirra, skipulag, fjármögnun og fleira. Að fundi loknum voru fundarmenn sammála um að koma þyrfti á einhvers konar vettvangi fyrir áframhaldandi umræður. Spjallborðið er tilraun til að skapa slíkan vettvang.

Spjallborðið er að finna á slóðinni <http://hatidir.fjallabyggd.is>. Íbúar og aðrir áhugasamir eru hvattir til að taka þátt í umræðunni og koma skoðunum sínum á framfæri við skipuleggjendur hátíðanna og aðra hagsmunaaðila á spjallborðinu. Þar sem um tilraun er að ræða er viðmót spjallborðsins enn sem komið er á ensku, en umræðurnar fara að sjálf-sögðu fram á íslensku. Vonandi lætur fólk það ekki aftra sér frá því að láta ljós sitt skína.

Tekið skal fram að spjallborðið er ekki á vegum Fjallabyggðar heldur er hér um grasrótarkerfni að ræða.

Miðvikudagur 11. nóvember 2009

Skíðasvæði í Fjallabyggð


Að gefnu tilefni skal það tekið fram að engin umræða hefur átt sér stað í bæjarkerfinu um að leggja niður skíðalyftu/svæði í Ólafsfirði og færa til Siglufjarðar. Slíkt stendur ekki til og hefur ekki gert.

Gísli Rúnar Gylfason, íþróttá- og tólmstundafulltrúi.

Fimmtudagur 19. nóvember 2009

Embætti skólameistara við framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð

Menntamálaráðuneytið hefur nú auglýst laust til umsóknar embætti skólameistara við nýja framhaldsskólann við utanverðan Eyjafjörð.



Aðventuhátíð í Fjallabyggð



10. des. Listganga Ferðafélagsins, gengið frá Torginu á Siglufirði kl. 19.00
11. des. Nemendur frá Tónlistarskólanum í Sparisjóði Siglufjarðar kl. 14.30
Nemendur frá Tónlistarskólanum á Leikskálum kl. 15.15
12. des. Jólafundur Norræna félagsins í Þjóðlagasetrinu kl. 15.00-17.00 – Allir velkomnir.
13. des. Kirkjuskóli í Siglufjarðarkirkju kl. 11.15
Jólabingó Leifturs í Tjarnarborg kl. 16.00
15. des. Samverustund á öldrunardeild sjúkrahússins kl. 14.15
Spilavist í U.Í.Ó. húsinu kl. 20.00
Jólatónleikar Tónskóla Ólafsfjarðar á Hornbrekku kl. 14.00
16. des. Jólatónleikar Tónskóla Ólafsfjarðar á Hornbrekku kl. 14.00
Jólatónleikar nemenda Tónlistarskólans í Siglufjarðarkirkju kl. 20.00
17. des. Jólatónleikar Tónskóla Ólafsfjarðar í Tjarnarborg kl. 18.00
Kósí stemning á vinnustofu Garúnar í Aðalgötu 7 kl. 17.00-20.00
18. des. Þórarinn Hannesson verður með jólastemningu í Sparisjóði Siglufjarðar kl. 14.30
22. des. Spilavist í U.Í.Ó. húsinu kl. 20.00
Lifandi tónlist í Sparisjóði Ólafsfjarðar kl. 14.00
23. des. Hið árlega Þorláksmessukaffi í Sparisjóði Siglufjarðar kl. 10.00
Lifandi tónlist í Sparisjóði Ólafsfjarðar kl. 14.00
Jólapóstur Leifturs í Tjarnarborg, móttaka frá kl. 17.00-23.00
Þorláksmessuskatan í hádeginu á Allanum
Þorláksmessuskata á Brimnes hóteli í hádeginu
Þorláksmessuskata ásamt sjávarréttum í Höllinni í hádeginu og um kvöldið
Sjávarréttahlaðborð á Brimnes hóteli um kvöldið
24. des. Jólásveinar keyra út jólapóstinum í Ólafsfirði kl. 11.00-14.00
Aftansöngur í Siglufjarðarkirkju kl. 18.00
Aftansöngur í Ólafsfjarðarkirkju kl. 18.00
25. des. Hátíðarguðspjónusta í Siglufjarðarkirkju kl. 14.00
Helgistund á sjúkrahúsinu á Heilbrigðisstofnuninni kl. 15.15
Hátíðarguðspjónusta í Ólafsfjarðarkirkju kl. 14.00
Hátíðarguðspjónusta á Hornbrekku kl. 15.45
26. des. Jólabball Leifturs í Tjarnarborg kl. 15.00
Jólabball í umsjón Kiwanisklúbbsins Skjaldar í Allanum kl. 16.00
Jóladansleikur með Pöpunum í Tjarnarborg kl. 11.00-03.00
Dansleikur, Hljómsveitin Evanger í Allanum kl. 00.00
Árshátíð Slysavarnafélags kvenna í Tjarnarborg
31. des. Aftansöngur í Ólafsfjarðarkirkju kl. 16.00
Áramótabrenna á Siglufirði kl. 16.30
Aftansöngur í Siglufjarðarkirkju kl. 18.00
Áramótabrenna og flugeldasýning vestan við Ós í Ólafsfirði kl. 20.00
Flugeldasýning fyrir ofan Ríplana kl. 21.00
1. jan. Nýárstjútt í Allanum með Páli Óskari kl. 00.00
Áramótagleði Hallarinnar frá kl. 01.00-04.00
6. jan. Blysför, þrettándabrenna og flugeldasýning frá Torginu kl. 18.00

